

203  
19. des.

- fara fram eftir, en það er  $\frac{1}{3}$  í hlut Svarfaðardalshrepps og  $\frac{2}{3}$  í hlut Dalvíkurhrepps, og greiðir sá hreppurinn hinum það, er til vantar, er honum ber samkvæmt matinu. Mat þetta framkvæmir nefnd sú, er síðar getur, ef hreppsnefndir hinna nýju hreppa koma sér ekki saman um matið.
- b. Hafnarmannvirkin á Dalvík, svo og hafnarsjóður Dalvíkur, skulu vera sameign hreppanna framvegis og rekstur hafnarinnar sameiginlegur. Þar til er öðruvísi kann að verða ákveðið, en eignarhlutfall Svarfaðardalshrepps í þeim er  $\frac{1}{3}$  og eignarhlutfall Dalvíkurhrepps  $\frac{2}{3}$  hlutar. Hinar nýju hreppsnefndir setja sameiginlega nýja hafnarreglugerð, þar sem nánar verður kveðið á um allan rekstur hafnarinnar í framtíðinni. Verði ágreiningur um málefni hafnarinnar milli hinna nýju hreppsnefnda, hefur sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu úrskurðarvald þar um.
  - c. Aðrar fasteignir Svarfaðardalshrepps skulu metnar til fjár og þeim hreppnum, þar sem eignirnar eru, gefinn kostur á að leysa þær til sín á því mati eftir reglum þeim, sem um skiptin gilda, ella skulu þær seldar og andvirðinu skipt eftir skiptitölu hreppanna. Skiptingu lausafjár annast hreppsnefndirnar, og ber að skipta því eftir sömu reglum.
  - d. Komi hreppsnefndirnar sér ekki saman um mat á eignum hreppsins, er til skipta koma, skal sýslunefnd skipa 3 óvilhalla utansveitarmenn í nefnd til að framkvæma mat á þeim eignum, er samkomulag næst ekki um. Eru báðir aðilar skuldbundnir að hlíta því mati.
6. Ellistyrktarsjóði hreppsins skal skipt í hlutfalli við tölu gjaldenda í hvorum hreppshluta eins og hún var síðasta gjaldár til sjóðsins (1935).
  7. Bækur og skjöl, sem sveitarfélagið á nú, skal vera eign Svarfaðardalshrepps, en hreppsnefnd Dalvíkurhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.
  8. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
  9. Fjallskil skulu vera sameiginleg fyrst um sinn.
  10. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1946 og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og fátækraframfæri, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Svarfaðardalshreppi sem dómpinghá né manntalsþinghá.

204  
20. sept.

## REGLUGERÐ

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um grenjaleitir og refaveiðar.

1. gr.

Villirefir og refir, sem sloppið hafa úr vörzlu, eru óhelgir, og skal eyða þeim með hverjum þeim hætti, er helzt verður við komið.

2. gr.

Hreppsnefndum er skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi á vetri hverjum, og skulu hinir hæfustu menn fengnir til að sjá um eitrunina. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stífa hægri væng þeirra um miðju. Eitrad agn skal leggja á afskekkt staði, þar sem sízt er hætta á, að hundar ná til þess, og skal tilkynna þeim, er næst búa eitrunarstað, hvar eitrið hafi verið lagt. Næsta vor, eftir að eitrad hefur verið, skal hirða allar eiturléifar, svo og þau dýr, er drepizt hafa við eitrunina, og grafa vel í jörðu.

Nú hafa hæfar skyttur, er orðið hefur vel ágengt við refadráp á vetrum, sérstakan áhuga fyrir slíkum refaveiðum, og getur þá hreppsnefnd látið eitrun niður falla. 204 20. sept.

## 3. gr.

Hreppsnefnd eða sá, er hún hefur falið umsjón með eyðingu refa, skal á hverju vori skipa öllum búendum hreppsins að leita vandlega í heimalöndum sínum að tófugrenjum og athuga, hvort lagt hafi verið í þau. Skal gera tvær leitir, þá fyrri 3—6 vikur af sumri og þá síðari 8—11 vikur af sumri. Á tímabilinu 6—11 vikur af sumri skulu hreppsnefndir láta a. m. k. eina rækilega grenjaleit fara fram á afréttarlöndum hreppanna. Greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. 6. gr.

## 4. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvaða daga skuli leita í heimalöndum og frá hvaða bæjum skuli leitað í félagi. Skal hún gæta þess, að aldrei leiti færri en 2 menn á hverju greni. Hver búandi, sem hefur land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar þar til hæfan mann, samkv. ákvörðun hreppsnefndar. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sér. Vanræki nokkur að leggja mann til grenjaleitar þar og þá, er hreppsnefnd fyrirskipar, kærir hún það til sekta. Finni leitar-menn gren, sem tófa hefur lagt í, skal annar eða einn þeirra jafnan vera eftir á greninu, þar til skotmaður kemur. Greiðist honum fyrir það sama kaup og vökumanni. Sá eða þeir, er á greni fara, skulu tafarlaust tilkynna oddvita grenfundinn. Sérstakan kostnað við að tilkynna grenfund, svo sem sendiferðir eða símtöl, skal greiða úr sveitarsjóði.

## 5. gr.

Nú hefur oddviti fengið vitneskju um, að dýr hefur lagt í greni, og skal hann þá tafarlaust aðvara skyttu þá og vökumann, er hreppsnefnd ber að hafa ráðið til grenjavinnslu.

## 6. gr.

Þegar gren finnst á öðrum tíma en þeim, er grenjaleit fer fram, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, en finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar, nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það, fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó að finnist, en skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara oddvita tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren, eða aðvarar oddvita, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

## 7. gr.

Enginn má spilla tófugrenjum eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki.

## 8. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann fyrir sanngjarna borgun, miðað við dagkaup í sveitinni.

Auk daglauna fá þeir, er að grenjavinnslu vinna:

a. Fyrir fyrri dýrið .....	kr. 5.00
b. Fyrir hið síðara .....	— 12.00
c. Fyrir hvern yrðling, er þeir ná .....	— 2.00

ásamt vísitöluuppbót á upphæðirnar. Gjald þetta skiptist milli mannanna þannig: Skyttan fær  $\frac{2}{3}$ , vökumaður  $\frac{1}{3}$ , enda sé val hans samþykkt af skotmanni. Heimilt er aðilum að skipta öðruvísi á milli sín, ef þeim sýnist svo. Skyttan leggur til skotvopn, skotfæri og önnur veiðiáhöld án sérstakrar borgunar.

204

20. sept.

9. gr.

Sjái skyttan hvorugt fullorðna dýrið þrjú fyrstu dægrin, er hún liggur á greninu, og heyrir eigi til yrðlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur. En sjáist annað hvort eða bæði dýrin eða heyrist til yrðlinganna, skal hún dvelja þar full 5 dægur, ef eigi verður áður fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þó að ekkert vinnist. Yfirgefi hún grennið, fyrr en hér segir, án lögmætra orsaka og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá, og varðar það einnig sektum.

10. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynningu um nýfundin gren, er dýr hefur lagt í í landareign annars hrepps, og skal hún þá tafarlaust senda eða síma til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess, og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um, að drenið sé þegar unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hrepps, er grenið heyrir til, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslunni til sekta og fullra skaðabóta.

11. gr.

Nú vill maður leggja refaboga í annars manns landi eða gera þar refagildru eða skothús, og skal hann þá tilkynna það ábúanda, sem er skyldur að leggja á það samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að hafa þær framkvæmdir með höndum, enda geri hann það innan viku, frá því að honum barst tilkynningin, að öðrum kosti er þeim, er tilkynninguna sendi, það heimilt.

12. gr.

Fyrir hvert hlaupadýr, sem unnið er á árinu, skal greiða vinnanda kr. 10.00 og að auki verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.

Vinni sami maður á ári 3 hlaupadýr, greiðist honum að auki kr. 50.00 fyrir hver 3 dýr. Vinni hann 6 dýr, greiðist honum á sama hátt kr. 150.00 í verðlaun, og vinni hann 10 dýr, séu aukaverðlaunin kr. 400.00 allt án verðlagsuppbótar. Greiðsla fyrir vinnslu hlaupadýra greiðist úr sýslusjóði, enda liggi fyrir vottorð tveggja manna um vinnslu hvers dýrs og sé þar tilgreint, hvaða dag dýrið var unnið.

13. gr.

Verði dýrbits vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera sitt ýtrasta til að fá þau dýr unnin, er dýrbítum valda.

Auk ákveðins gjalds úr sýslusjóði, sbr. 10. gr., skal greiða úr sveitarsjóði kr. 150.00 fyrir hvert slíkt dýr. Greiðsla þessi úr sveitarsjóði sé án verðlagsuppbótar.

14. gr.

Hreppsnefnd hver skal hafa refabók, er í skal rita skrá yfir öll gren hreppsins og afrétta þeirra, er hann hefur umsjón með, svo og skýrslu um einkenning grenjanna.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 20—500 króna sektum, er renna í sýslusjóð.

16. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

17. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um refaveiðar í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 59 frá 22. apríl 1922 og breyting á þeirri reglugerð, nr. 43 21. maí 1927.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 204  
20. sept.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar Waage“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. sept. 1945. 205  
29. sept.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hákonar Waage.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Sanitas h.f., að upphæð kr. 5000.00, til minningar um Hákon Waage, sem andaðist hinn 3. október 1943.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk, sem vinnur í verksmiðju Sanitas h.f., ef það verður fyrir sjúkdómum eða tapar atvinnu sinni af öðrum svipuðum orsökum.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða á annan öryggan hátt að dómi sjóðstjórnar. Stofnfé má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, en þá má verja vöxtunum öllum eða að hluta eftir ákvörðun sjóðstjórnar eftir ákvæðum 2. gr., en afgangur vaxta, ef einhver er, leggst þá við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú elztu starfsmenn að starfstíma (karl eða kona) í verksmiðju Sanitas h.f., og sker stjórn hlutafélagsins á hverjum tíma úr því, hvaða menn eru elztir samkvæmt framansögðu. Stjórn sjóðsins ræður úthlutunum úr sjóðnum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu stjórnendur á hverju ári senda stjórn Sanitas h.f. afrit af reikningi sjóðsins til athugunar.

### 5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta.

Þannig samþykkt af stjórn Sanitas h.f. hinn 24. sept. 1945.

**Sig. Waage.**

**Matthías Waage.**

**Baldur Sveinsson.**